

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar ses

Ársreikningur 2015

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar ses
Þórsstíg 4, Akureyri
Kennitala 660900-2090

Skýrsla stjórnar

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignastofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Meginstarfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er rekstur endurmenntunarmiðstöðvar í Eyjafirði.

Rekstrartekjur stofnunarinnar á árinu 2015 námu kr. 203,2 millj. en voru kr. 205,7 millj. árið 2014 og hafa lækkað um 1,2% á milli ára. Tap ársins nam kr. 6,3 millj. í samanburði við kr. 2,4 millj. hagnað árið 2014. Heildareignir námu í árslok kr. 114,7 millj. og eigið fé var kr. 89,1 millj.

Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði með svipuðu móti á árinu 2016 eins og hann var á árinu 2015.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun stofnunarinnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Akureyri, 13. apríl 2016

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2015, efnahag hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 104. gr. laga nr. 3 2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 13. apríl 2016

Enor ehf

Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Tekjur vegna rekstrarsamninga		19.100.000	19.100.000
Námskeiðstekjur		138.612.559	147.329.621
Verkefnatekjur		37.716.846	31.059.976
Aðrar rekstrartekjur		7.801.808	8.168.091
		203.231.213	205.657.688
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	78.125.949	76.376.237
Námskeiðskostnaður		73.686.012	74.583.455
Verkefnakostnaður		12.985.588	4.194.250
Annar rekstrarkostnaður		43.149.834	45.101.592
Afskriftir	4	5.027.372	5.788.529
		212.974.755	206.044.063
Rekstrarhagnaður (tap)		(9.743.542)	(386.375)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		3.481.873	2.811.669
Vaxtagjöld		(9.308)	(48.491)
Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(54.066)	575
		3.418.499	2.763.753
Hagnaður (tap) ársins		(6.325.043)	2.377.378

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12 2015	31.12 2014
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Innréttingar		9.988.545	12.186.799
Áhöld og tæki		6.916.050	6.303.702
		16.904.595	18.490.501
Fastafjármunir samtals		16.904.595	18.490.501
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	8.586.700	19.915.364
Aðrar skammtímakröfur		199.940	30.534
Handbært fé		88.972.357	80.899.354
		97.758.997	100.845.252
Eignir samtals		114.663.592	119.335.753
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé	6	2.164.309	2.121.976
Óráðstafað eigið fé		86.949.789	93.317.165
		89.114.098	95.439.141
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		11.557.400	8.555.843
Aðrar skammtímaskuldir		12.190.011	11.253.408
Fyrirfram innheimtar tekjur		1.802.083	4.087.361
		25.549.494	23.896.612
Skuldir samtals		25.549.494	23.896.612
Eigið fé og skuldir samtals		114.663.592	119.335.753
 Aðrar upplýsingar			
	7		

Sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Hagnaður (tap) ársins		(6.325.043)	2.377.378
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	5.027.372	5.788.529
Aðrir liðir		0	0
		(1.297.671)	8.165.907
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		11.159.258	(9.796.155)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.652.882	(10.008.586)
		12.812.140	(19.804.741)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		11.514.469	(11.638.834)
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	(3.441.466)	(562.883)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		8.073.003	(12.201.717)
Handbært fé í byrjun tímabils		80.899.354	93.101.071
Handbært fé í árslok		88.972.357	80.899.354

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Starfstöðvar stofnunarinnar eru á Akureyri og Dalvík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur stofnunarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á námskeiðum og þjónustu. Tekjur af námskeiðum eru færðar í hlutfalli við stöðu námskeiða á uppgjörssdegi. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörssdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tillits til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Eigið fé

Stofnfé er endurmetið miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs á árinu 2015.

3. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	2015	2014
Laun	64.708.966	63.647.730
Lífeyrisiðgjöld	6.552.885	6.375.038
Önnur launatengd gjöld	6.864.098	6.353.469
	<u>78.125.949</u>	<u>76.376.237</u>
Stöðugildi í árslok	9,35	9,65

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra námu kr. 9,6 millj. á árinu.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttingar	Áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	12.186.799	6.303.702	18.490.501
Viðbót ársins	757.944	2.683.522	3.441.466
Afskriftir	(2.956.198)	(2.071.174)	(5.027.372)
Bókfært verð í árslok	9.988.545	6.916.050	16.904.595
Bókfært verð í árslok 2015 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	19.186.839	21.588.131	40.774.970
Afskrifað samtals	(9.198.294)	(14.672.081)	(23.870.375)
Bókfært verð í árslok	9.988.545	6.916.050	16.904.595
Afskriftahlutföll	10% - 20%	20% - 33%	

Skýringar

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12 2015	31.12 2014
Viðskiptakröfur	10.336.700	21.415.364
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.750.000)	(1.500.000)
	<u>8.586.700</u>	<u>19.915.364</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign stofnunarinnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í upphafi ársins	1.500.000	1.500.000
Endanleg afskrift tapaðra krafna	(148.125)	(507.000)
Framlag í afskriftareikning	<u>398.125</u>	<u>507.000</u>
	1.750.000	1.500.000

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	2.121.976	93.317.165	95.439.141
Tap ársins		(6.325.043)	(6.325.043)
Endurmat stofnfjár	<u>42.333</u>	<u>(42.333)</u>	<u>0</u>
Staða í árslok	2.164.309	86.949.789	89.114.098

7. Aðrar upplýsingar

Leigusamningar

Stofnunin hefur gert leigusamning vegna fasteignarinnar að Þórsstíg 4, Akureyri til 31. mars 2023. Leigugreiðslur samningsins eru verðtryggðar með byggingarvísitölu.